

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2017, föstudaginn 13. október 2017 var haldinn 274. fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11.00. Mætt voru Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sverrir Óskarsson og Sigríður H. Jónsdóttir varamaður, yfírgaf fundinn eftir umfjöllun um Fjárhags- og starfsáætlun 2018-2022. Fjarverandi voru Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Vetnisverkefni
2. Fjárhags- og starfsáætlun 2018-2022
3. Leiðakerfismál

Tekið fyrir:

1. Fram fer umfjöllun um stöðu vetnisverkefnis á vegum Evrópusambandsins sem var til umfjöllunar á fundi stjórnar 29. september sl. Lagt fram minnisblað um verkefnið og álit lögmanns Strætó um hvort undirritun viljayfirlýsingar myndi skuldbinda Strætó fjárhagslega eða sé á einhvern hátt á skjön við reglur um opinber innkaup og/eða ákvæði rammisamnings Strætó um endurnýjun vagna, en samningnum lýkur á árinu 2018, Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra heimild til að skrifa undir viljayfirlýsingu um þátttöku í verkefninu.
2. Lögð fram að fjárhags- og starfsáætlun 2018-2022. Áætlunin byggir á forsendum sem kynntar voru á eigendafundi Strætó 27. september sl. eftir umfjöllun í stjórn Strætó 22. september og 29. september sl. Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun Strætó fyrir tímabilið 2018-2022.
3. Fram fer umræða um fyrirhugaðar leiðakerfisbreytingar og þjónustuaukningu.

Fundi slitið: kl. 12.40

Fylgiskjöl:

- Fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2018-2022, dags. 13.10.2017
- Forsendur fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2018, dags. 04.09.2017
- Viðauki við forsendur fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2018, dags. 27.09.2017

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sverrir Óskarsson

Sigríður H. Jónsdóttir